

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1114/2010

2016/EES/52/02

frá 1. desember 2010

þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla fyrir gæði á vogum samræmdrar vísitölu neysliverðs og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 ⁽¹⁾ frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysliverðs, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samræmdar vísitölur neysliverðs (HICP) eru samræmdar ráðstafanir vegna verðbólgu sem framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu þurfa til að geta framkvæmt starfsskyldur sínar skv. 140. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Samræmdar vísitölur neysliverðs eru hannaðar til að auðvelda alþjóðlegan samanburð á neysliverðshækkun. Þær eru mikilvægir vísar við stjórnun peningamálastefnu.
- 2) Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 ætti að uppfæra vogir [áður vægi liða] samræmdrar vísitölu neysliverðs nægilega oft til að uppfylla kröfur um samanburðarhæfi og áreiðanleika. Þegar vogir samræmdrar vísitölu neysliverðs eru uppfærðar með mismunandi tíðni er hugsanlegt að þær uppfylli ekki kröfur um samanburðarhæfi og áreiðanleika.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97 ⁽²⁾ frá 10. desember 1997 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla fyrir vogir í samræmdri vísitölu neysliverðs, er mælt fyrir um reglur til að tryggja að við gerð samræmdra vísitalna neysliverðs hafi verið notaðar vogir sem eru nægilega áreiðanlegar og sem skipta máli að því er varðar alþjóðlegan samanburð. Nú ætti að breyta þessum reglum með tilliti til þróunar á sviði samræmdrar vísitölu neysliverðs. Ráðstafanirnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, ættu því að koma í staðinn fyrir ráðstafanirnar í reglugerð (EB) nr. 2545/97.

- 4) Samkvæmt 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 er þess krafist að samræmdar vísitölur neysliverðs sé verðvísitölur á Laspeyres-sniði. Þegar breytingar verða á hlutfallslegu verði á mismunandi vörum og þjónustu getur útgjaldamynstur neytenda breyst að því marki að nauðsynlegt er að uppfæra samsvarandi vogir útgjaldahópa, einkum undirliggjandi magn þeirra, til að tryggja gildi þeirra.
- 5) Með skírskotun til 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1749/96 ⁽³⁾ frá 9. september 1996 um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysliverðs, ætti að taka saman samræmda vísitölu neysliverðs til að telja með í reikninginn verðbreytingar á vöru og þjónustu sem eru nýlega orðnar mikilvægar og tengd útgjöld vegna þeirra.
- 6) Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um lágmarksstaðla varðandi meðferð vogana á tryggingar í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1617/1999 ⁽⁴⁾ frá 23. júlí 1999 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð trygginga í samræmdri vísitölu neysliverðs.
- 7) Vogir á sviði deilda, flokka og undirflokka flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi, aðlöguð að þörfum samræmdra vísitalna neysliverðs ⁽⁵⁾, eiga ekki að breytast á milli mánaða á árinu nema þær falli undir ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 330/2009 ⁽⁶⁾ frá 22. apríl 2009 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð árstíðabundinna vara í samræmdum vísitölum neysliverðs.
- 8) Samkvæmt þessari reglugerð ættu aðildarríkin ekki að gera nýjar tölfræðilegar kannanir eða kannanir á tekjum og útgjöldum fjölskyldna oftar en einu sinni á fimm ára fresti, með tilliti til þess að aðildarríkjunum er skylt að taka saman þjóðhagsreikninga í samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið (ESA 1995) ⁽⁷⁾ og að innlendar vogir, sem eru nauðsynlegar til að búa til samtölur samræmdra vísitalna neysliverðs á evrusvæðinu, innan ESB og annars staðar, eru byggðar á gögnum um þjóðhagsreikninga.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 316, 2.12.2010, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 56.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 340, 11.12.1997, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 229, 10.9.1996, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 192, 24.7.1999, bls. 9.

⁽⁵⁾ Flokkun einkaneyslu eftir tilgangi, aðlagð að þörfum samræmdra vísitalna neysliverðs.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 103, 23.4.2009, bls. 6.

⁽⁷⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu, (Stjtið. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1.)

- 9) Tekið hefur verið tillit til meginreglunnar um kostnaðarhagkvæmni í samræmi við 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.
- 10) Haft hefur verið samráð við Seðlabanka Evrópu, í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.
- 11) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Markmið þessarar reglugerðar er að koma á lágmarksstöðlum fyrir gæði voga samræmdrar vísitölu neysluverðs í samræmdri vísitölu neysluverðs.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „Viðmiðunartímabil voga“ samræmdrar vísitölu neysluverðs: 12 mánaða tímabil neyslu eða útgjalda þar sem vogir eru metnar vegna samantektar á nýjustu tölum samræmdrar vísitölu neysluverðs,
- 2) „undirvísitölur“: þær undirvísitölur sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96⁽⁸⁾ frá 20. nóvember 1996 um samræmdar vísitölur neysluverðs: afhending og dreifing á undirvísitölum í samræmdri vísitölu neysluverðs.

3. gr.

Lágmarksstaðlar fyrir vogir samræmdrar vísitölu neysluverðs

1 Í hverjum mánuði, á yfirstandandi ári t, skulu aðildarríkin gera samræmdar vísitölur neysluverðs með því að nota vogir undirvísitölu sem endurspegla útgjaldamynstur neytenda á viðmiðunartímabili voga og miða að því að vera eins lýsandi og hægt er fyrir útgjaldamynstur neytenda á næstliðnu almanaksári.

2 Aðildarríkin skulu því endurskoða og uppfæra vogir undirvísitalna að teknu tilliti til fyrri gagna um þjóðhagsreikninga um neyslumynstur á ári t-2, nema við sérstakar og viðeigandi aðstæður, auk tiltækra og viðeigandi

upplýsinga frá könnunum á tekjum og útgjöldum heimila og öðrum gagnalindum, sem eru nægilega áreiðanlegar að því er varðar samræmda vísitölu neysluverðs.

3 Að því er varðar vogir sem eru fyrir neðan þrep undirvísitölu, þ.m.t. þær sem eru fyrir frumvöruflokka, eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð (EB) nr. 1749/96, skulu aðildarríkin aldrei nota vogir sem eru eldri en 7 ára.

4 Aðildarríkin skulu endurskoða árlega hvort það hafi orðið mikilvæg og varanleg markaðsþróun, sem hefur áhrif á magn í undirdeildum flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi, aðlöguð í samræmi við útreikning á samræmdum vísitölum neysluverðs, á milli tímabilanna sem lýst er 2. og 3. mgr. og tímabilinu t-1, til að meta vogirnar sem þurfa að vera uppfærðar eftir því sem við verður komið. Einkaneyslu skal endurskoða neyslukostnað fyrir undirdeildir flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi, aðlöguð í samræmi við útreikning á samræmdum vísitölum neysluverðs, með þekktum breytingum í kjölfar ákvarðana stjórnvalda og fyrir vörur á mörkuðum sem þróast hratt.

5 Allar breytingar sem gerðar eru á vogum skv. þessari grein skulu taka gildi með vísitölnni fyrir janúar á ári t. Vogir samræmdrar vísitölu neysluverðs fyrir fyrri ár skulu ekki endurskoðaðar, með fyrirvara um möguleikann á að leiðrétta mistök í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1921/2001⁽⁹⁾ frá 28. september 2001 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um endurskoðun á samræmdri vísitölu neysluverðs og breytingu á reglugerð (EB) nr. 2602/2000. Í öllum tilvikum skulu vogir samræmdrar vísitölu neysluverðs taka gildi með vísitölnni fyrir janúar á hverju ári og verðið uppfært í samræmi við verðið í næstliðnum desember.

4. gr.

Gæðastjórnun

Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té, að beiðni hennar, nægar upplýsingar um vogir sem notaðar eru til að gera samræmdar vísitölur neysluverðs, þ.m.t. það viðmiðunartímabil voga sem notað er, niðurstöðu árlegrar endurskoðunar og breytingar sem gerðar hafa verið, til að hægt sé að meta hvort farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

5. gr.

Beiting

Ákvæði þessarar reglugerðar skulu öðlast gildi eigi síðar en með vísitölnni fyrir janúar 2012.

6. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 2454/97 er felld úr gildi frá og með janúar 2012. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 296, 21.11.1996, bls. 8.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 261, 29.9.2001, bls. 49.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
